

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/8
komudagur 27.10.2011

Elva Björk Barkardóttir
Holtubúð 57
210 Garðabæ
elvabb@gmail.com
S.8696964

27. október 2011

Utanríkismálanefnd Alþingis
Bt. Nefndasviðs Alþingis,
Kristjönu Benediktsdóttur

Efni: Umsögn á tillögu til þingsályktunar um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, 31. mál.

Þingsályktunartillagan kveður á um að

Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967.

Mig langar að byrja á því að fagna tillögunni og meðfylgjandi greinargerð. Ég hef lítið við hana að bæta en vegna mikilvægis málsins tel ég þó vert að minnst stuttlega á nokkur atriði.

* Í tillögunni er réttilega bent á að Palestína uppfyllir hin svokölluðu skilyrði þjóðaréttar fyrir tilvist sjálfstæðra ríkja sem geti talist fullgildir aðilar að þjóðarétti. Þessi skilyrði er að finna í Montevideo sáttmálanum frá árinu 1933 en skv. honum eru skilyrðin þau að ríki skal búa yfir landsvæði, varanlegum íbúafjölda, ríkisstjórn og getu til þess að stundað samskipti við önnur ríki. Að mínu mati uppfyllir Palestína öll þess skilyrði en mér finnst þó nauðsynlegt að fjalla örstutt um hvert atriði og færa rök fyrir því af hverju ég tel Palestínu uppfylla hvert þeirra.

Landsvæði

Þegar Palestína var svokallað verndarríki Breta, eftir hrun Ottómanveldisins, þá var landsvæði Palestínu vel skilgreint, takmarkað við Líbanon í norðri, Sírland og Transjordan í austri, Egyptaland í suðri og Miðjarðarhafið í vestur. Landamærin breyttust skv. ályktun allsherjarþings Sameinuðu Þjóðanna nr. 181, þegar lagt var til að landinu væri skipt upp í tvö ríki, ríki gyðinga og ríki araba. Eftir 1948 stríðið breyttust landamærin aftur og svo eftir Sex daga stríðið var Ísrael búið að leggja undir sig allt landsvæði Palestínumanna. Hernámi Ísraela hefur margsinnis verið lýst sem ólögmætu. Eins og kemur fram í athugasemdum við þingsályktunartillöguna þá hefur ólögmætt hernáms Ísrael ekki áhrif á lögmætan rétt Palestínumanna til síns lands enda ein af grundvallarreglum

Þjóðaréttar að ólögættar aðgerðir einstakra ríkja geti ekki skapað þeim rétt sér til handa. Þetta þýðir að þrátt fyrir hernámið þá tilheyrir landið ennþá Palestínumönnum og hefur alltaf gert. Palestínumenn eru ekki einu sinni að biðja um allt það land sem þeim var lofað í Sameinuðu Þjóðunum árið 1947, hvað þá heldur allt landið. Þeir eru einungis að óska eftir því að alþjóðasamfélagið viðurkenni Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan þeirra landamæra sem þeir höfðu fyrir Sex daga stríðið. Krafa þeirra er einstaklega sanngjörn. Þá hefur alþjóðsamfélagið margsinnis lýst því yfir að það land tilheyrir Palestínumönnum, nú síðast Bandaríkin.

Enn fremur hefur Alþjóðadómstóllinn staðfest að það dragi ekki úr lögmæti ríkis þó að landamæri þess sé ekki fullkomlega skilgreind. Þá má nefna að Ísrael var viðurkennt sem ríki árið 1948, þrátt fyrir að standa í landamæradeilum við Palestínumenn. Ísrael hefur ekki ennþá skilgreint sín landamæri.

Fólksfjöldi

Enginn vafi leikur á því að Palestína hefur varanlegan og fjölgandi fólksfjölda og því óþarfi að fjalla nánar um það.

Stjórnvöld

Eftir að listi Hamas-samtakanna sigraði í kosningum árið 2006 tókst að mynda þjóðstjórn, en eftir uppgjör á milli Hamas og Fatah í júní 2007 þá hafa stjórnvöld í Palestínu verið sundruð en Fatah hefur farið með stjórn á Vesturbakkanum og Hamas á Gaza. Auðvitað væri sameinuð Palestína ákjósanlegri en þótt stjórnvöld ríkis séu sundruð þá hefur það ekki áhrif á lögmæti þess. Þess má þó geta að samningaviðræður milli Fatah og Hamas eru í gangi þessa dagana eftir undirritun sáttasamkomulags fyrr á árinu. Ennfremur hefur Hamas lýst því margsinnis yfir að þeir séu tilbúnir að samþykka “tveggja ríkja lausnina” og viðurkenna Ísrael ef það sé vilji palestínsku þjóðarinnar. Hamas-samtökin hafa allt frá árinu 2004 viðurkennt Ísraelsríki de facto með því að fallast á að friðarviðræður grundvölluðust á landamærunum sem voru í gildi til 1967. Því miður þá hefur ekki farið hátt um þetta í fjölmiðlum.

Eins og kemur fram í athugasemdum við þingsályktunartillöguna hafa Sameinuðu Þjóðirnar, Alþjóðagjaldeyrisstjóðurinn og Alþjóðabankinn lýst því yfir að palestínska heimastjórnin sé tilbúin til þess að halda úti rekstri ríkis, sem rennir ennfremur stoðum undir að Palestína sé tilbúin til þess að öðlast viðurkenningu sem sjálfstætt og fullvalda ríki.

Geta til þess að stunda samskipti við önnur ríki

Palestína á í samskiptum við yfir 140 ríki í heiminum og er með sendiráð eða sendinefndir í fleiri en 100 ríkjum. Þá hefur Palestína skrifað undir ýmsa alþjóðlega sáttmála og samninga og er fullgildur aðili að ýmsum alþjóðastofnunum. Enginn vafi leikur á því að Palestína hefur getu til þess að stunda samskipti við önnur ríki. Aukinheldur hefur mikill meirihluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna nú þegar viðurkennt Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki sem styrkir lögmæti Palestínu sem ríki sem um munar.

*Eins og segir í athugasemdum við þingsályktunartillöguna þá hefur Ísland kallað eftir því að deilumál Palestínumanna og Ísrael verði útkljáð í samningaviðræðum. Þetta hefur verið stefna flestra vestrænna ríkja í áratugi. Það sem einnig kemur fram og er rétt er sú staðreynd að lítil merki eru um að hægt verði að endurlífga friðarferlið í náinni framtíð. Samningaviðræður hafa staðið yfir í áratugi en lausnin samt ennþá víðs fjarri.

Þegar hin svokölluðu "Palestine Papers" voru birt á Al Jezeera í byrjun árs þá var augljóst hversu einhliða og ósanngjarnar samningaviðræðurnar hafa verið. Á meðan Palestínumenn samþykktu hverja kröfu Ísraelsmannna á fætur annarri þá virtust Ísraelar vera gjörsamlega áhugalausir um að vinna að lausn. Í raun voru þessar samningaviðræður algjör niðurlægning fyrir Palestínumenn. Nú síðast stöðvuðust samningaviðræður vegna þess að Ísraelar neituðu að stöðva frekari framkvæmdir á hinum ólögumætu landtökubýggðum. Nýjasta útspil Ísraela er heimting á því að Palestínumenn viðurkenni Ísrael sem "ríki gyðinga", eitthvað sem Ísraelsmenn vita að Palestínumenn geta ekki gert. Með því að viðurkenna Ísrael sem "ríki gyðinga" væru Palestínumenn í raun að samþykkja að þeir flóttamenn sem voru hraktir burt frá heimalöndum sínum við stofnum Ísraelsríkis á sínum tíma, fengu aldrei að snúa aftur. Þetta myndi einnig þýða að þeir Palestínumenn sem búa nú í Ísrael, nær ein 1,5 milljónir eða um fimmtungur íbúanna í Ísrael, myndu áfram þurfa að búa undir mismunun sem skrifuð er í lög í Ísrael, staðreynd sem minnir um margt á Apartheid kerfið í Suður-Afríku. Þess ber að geta að mismunun sú er Palestínumenn hafa þurft að búa við á sér enga lagastoð í ályktun allsherjarþingsins frá 1947, sem Ísraelar í raun byggja tilverurétt sinn á. Ályktunin tók sérstaklega fram að öll mismunun á grundvelli kynþáttar, trúar, tungumála eða kyns væri með öllu bönnuð.¹ Sama á við um hinar stórfelldu Þjóðernishreinsanir gyðinga á aröbum í Palestínu í kringum stofnum Ísraelsríkis, þegar Ísraelar neyddu hundruð þúsunda Palestínumanna af landi sínu, en í ályktunni var lagt blátt bann við eignarnámi gyðinga á landi araba sem og bann við eignarnámi araba á landi gyðinga.²

*Víðtæk samstaða alþjóðasamfélagsins á viðurkenningu á sjálfstæðri og fullvalda Palestínu myndi vera mjög heillvænleg fyrir Palestínumenn. Eitt það mikilvægasta væri að Palestínumenn sem og alþjóðasamfélagið gætu hugsanlega loksins beitt sér gegn framferði Ísraela í Palestínu. Eins og staðan er í dag þá hefur alþjóðasamfélagið mjög takmörkuð úrræði til þess að koma í veg fyrir glæpsamlega hegðun Ísraelsstjórnar, hersins og landtökuliðsins í Palestínu. Palestína er ekki aðili að Alþjóðlega sakamáladómstólnum og Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna hefur verið lamað vegna neitunarvalds Bandaríkjanna. (Þess má geta að Bandaríkin hafa notað neitunarvald sitt oft en 40 sinnum til þess að koma í veg fyrir ályktanir sem gagnrýna Ísrael á einhvern hátt. Nú síðast í

¹ "No discrimination of any kind shall be made between the inhabitants on the ground of race, religion, language or sex" (grein 2 í kafla 2)

² "No expropriation of land owned by an Arab in the Jewish State (by a Jew in the Arab State)... shall be allowed except for public purposes. In all cases of expropriation full compensation as fixed by the Supreme Court shall be said previous to dispossession." (grein 8 í kafla 2).

febrúar beittu Bandaríkjamenn neitunarvaldi sínu gegn ályktun sem fordæmði áætlun Ísraels á áframhaldandi byggingum ólögðra landtökubýggða.)

Víðtæk samstaða alþjóðasamfélagsins um viðurkenningu Palestínu sem sjálfstæðs og fullvalda ríkis myndi aðstoða Palestínumenn með núverandi mál sitt fyrir Alþjóðalega sakamáladómstólnum sem legið hefur hjá saksóknara síðan árið 2009 vegna árása Ísraelsvers á Gaza 2008/2009 en með viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á sjálfstæði Palestínu (en einvörðungu ríki geta farið fram á rannsókn) getur saksóknari Alþjóðalega sakamáladómstólsins samþykkt að hefja rannsókn á framferði Ísraels á Gaza 2008/2009. Þetta myndi þýða að í fyrsta skipti frá því að deila Palestínumanna og Ísraels hófst, fyrir meira en 60 árum síðan, gætu Ísraelar loksins þurft að taka ábyrgð á gjörðum sínum í Palestínu.

*Að mínu mati er í raun alheimshneyksli að þessi meðferð á Palestínumönnum hafi fengist að viðgangast svona lengi. Aðskilnaðarmúr, samgönguhindranir, loftárásir, eyðilegging á landi, húsum og auðlindum, pyntingar, sársauki og þjáningar er daglegt líf Palestínumanna. Með viðurkenningu myndi Ísland aðstoða Palestínumenn í að stíga mikilvægt skref í átt að frelsi og friði. Viðurkenningin mun stuðla að því að leidd verði til lykta lausn á deilu Palestínumanna og Ísraels sem hefur haft ómæld áhrif á þann heim sem við búum í í dag.

Það eru flestir sammála um að “tveggja ríkja lausnin” sé eina leiðin til þess að koma á friði í þessum heimshluta. Með viðurkenningu Íslands á sjálfstæði og fullveldi Palestínu yrði Ísland mikilvægt fordæmi fyrir önnur vestræn ríki.

Virðingarfyllst,

Elva Björk Barkardóttir